

## Atvinnuveganefnd

Lilja Rafney Magnúsdóttir formaður

Reykjavík 24. október 2018

Efni: Umsögn LS um frumvarp um veiðigjald.  
Þingskjal 144 - 144. mál.

LS minnir á bókun meirihluta atvinnuveganefndar frá 8. júní sl.

„Mikilvægt er að við undirbúning nýs frumvarps sjávarútvegsráðherra um veiðigjald verði horft til afkomu greinarinnar og sérstaklega lítilla og meðalstórra fyrirtækja sem mörg hver hafa átt í erfiðleikum með að takast á við versnandi rekstrarskilyrði. Meiri hlutinn telur brýnt að horft verði til afkomutengdra veiðigjalda í rauntíma og sérstaks þrepaskipts afsláttar sem skili sér fyrst og fremst til lítilla og meðalstórra fyrirtækja í vinnu við heildarendurskoðun veiðigjalda sem bíður þingsins í haust.“


Undirritað:

Lilja Rafney Magnúsdóttir  
Halla Signý Kristjánsdóttir  
Ásmundur Friðriksson  
Njáll Trausti Friðbertsson  
Kolbeinn Óttarsson Proppe  
Inga Sæland

Það eru LS gríðarleg vonbrigði að frumvarp sem hér er til umsagnar skuli ekki innihalda efni bókunarinnar. LS skorar á atvinnuveganefnd að kvika ekki frá ákvörðun sinni að leiðrétta veiðigjald hjá litlum og meðalstórum útgerðum. Leiðrétting til þessara aðila er réttlæt看leg útfra

þeim forsendum sem þegar hafa verið kynntar. LS leggur mikinn þunga á að atvinnuveganefnd verði við tillögu félagsins um leiðréttingu, að í frumvarpið verði bætt við ákvæði þess eðlis.

Í umræðunni í vor var gagnrýnt að LS hefði í málflutningi sínum ekki skilgreint hver væru stærðarmörk lítilla og meðalstórra útgerða. Það skal upplýst hér að þar er átt við krókaafلامarksbáta og báta minni en 30 brúttótonn. Sá hópur sem hér um ræðir sker sig frá öðrum skipum, annars vegar að veiðiheimildir þeirra eru nær einvörðungu í þorski og ýsu, en á þær tegundir hækkaði veiðigjald á annað hundrað prósent og hins vegar var afkoma hópsins mun lakari en annarra bátaflokka, ísfisk- og frystitogara og uppsjávarskipa, eins og fram kemur á meðfylgjandi súluriti Hagstofunnar um afkomuna 2015.




Auk þessa skal á það minnt að krókaafلامarksbátum er óheimilt að nota önnur veiðarfæri en línu og handfæri.

LS ítrekar hér með bréf frá 4. júní sl. þar sem fjallað er um aðferðafræði við leiðréttingu á veiðigjaldi. Hluti bréfsins er hér lagður fram sem viðauki.\*

Það er skoðun LS að með frumvarpinu sé komið til móts við gagnrýniraddir með ákvæði 5. gr. um reiknistofn sem er nær í tíma og skilar því útkomu sem færir afkomu betur að líðandi stundu. LS vekur athygli á að breytingin verður þó ekki til að jafna mun milli einstakra útgerðaflokka með tilliti til áætlanagerðar. Fyrirsjánleiki er lítill þar sem innheimt er á lítil fyrirtæki útfrá afkomu stærri útgerða.

Minni útgerðir eru mun háðari afkomusveiflum en þær stærri. Helsta ástæða þess er að þær eru eingöngu í útgerð og geta því ekki stólað á annan rekstur samtímis og illa gengur við fiskveiðar. Þá eru kjör sem í boði eru mjög ólík milli útgerða, sem og aðgangur að fé hjá einstökum lánastofnunum, lífeyrissjóðum og almenningi.

Á nýafstöðnum aðalfundi LS voru veiðigjöld í brennidepli. Þær raddir heyrðust að þau ætti að innheimta sem prósentur af aflaverðmæti í bolfiski eða afkomu hvers og eins útgerðarflokks. Gagnrýnt var að mikil og góð afkoma sumra færði gjaldið til upphæða sem gæti kollvarpað rekstri smærri útgerða. Aðferðin hefur m.a. leitt til áframhaldandi samþjöppunar í útgerð sem kemur hart niður á hinum dreifðu byggðum, auk þess að vinna gegn markmiðum laga um stjórn fiskveiða „að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu þeirra (fiskistofna) og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu.“



Niðurstaða þessara vangaveltna var gjarnan sú að við álagningu á veiðigjald hjá smábátum verði að taka tillit til þess aðstöðumunar sem hér hefur verið nefndur.

Nýafstaðinn aðalfundur LS samþykkti eftirfarandi um veiðigjald:

*Aðalfundur LS krefst tafarlausrar lækkunar veiðigjalda og að þau taki mið af afkomu einstakra útgerðarflokka en ekki meðaltalsafkomu í sjávarútveginum.*

*Fundurinn brýnir forystu félagsins til að berjast með kjafti og klóm fyrir stórfelldri lækkun veiðigjalda. Þá skorar fundurinn á Alþingi að hækka frítekjumark í 40% af fyrstu 5 m.kr. veiðigjaldsins og 20% af næstu 5 m.kr. þess. Fundurinn skorar jafnframt á Alþingi að leiðrétta nú þegar hlut smábáta í veiðigjaldinu frá og með fiskveiðiárinu 2017/2018.*

Varðandi 10% frádrag frá reiknistofni vinnsluskipa, leggur LS áherslu á að skoðað verði betur hver sé raunveruleg virðisaukning í vinnsluhluta skipaflokksins og að hún verði að fullu dregin frá reiknistofni veiðigjalds. Samkvæmt sundurliðun á afkomu frystiskipa úr Hagi veiða og vinnslu, má ætla að á yfirstandandi ári sé um 10% af heildarálagningu veiðigjalds til komið vegna afkomu fiskvinnslu á sjó.

Einnig má benda á að í álagningu aflagjalds er aflaverðmæti við löndun á frystum afla dregið niður um helming áður en aflagald er reiknað vegna þeirrar virðisaukningar sem á sér stað.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að útgerðir uppsjávarskipa greiði 10% álag á veiðigjald. Það er skoðun LS að þar sé á ferðinni afar hóflegt álag og ástæða til að skoða betur afkomu þessa útgerðarflokks.

Vakin er athygli á að aflaverðmæti uppsjávarskipa margfaldast með 3,5 til útflutningsverðmæta, en hjá bolfiskvinnslunni er stuðullinn 2,0.

Í 5. gr. er upptalning á liðum sem mynda fastan og breytilegan kostnað við útreikning á veiðigjaldi. LS lýsir efasemdum við að hún sé tæmandi.

Í lokamálgrein 5. gr. er ákvæði um endurútreikning vegna rangra upplýsinga. LS lýsir efa um framkvæmd greinarinnar.

6. gr. frumvarpsins fjallar um álagningu. Þar er ákvæði um að útgerð skips sé ábyrg fyrir greiðslu á veiðigjaldi. Upphaflega var veiðigjaldið innheimt af hlutdeildarhöfum. Breytingin var

gerð með að í huga að lækka verð á leigukvóta. Það hefur ekki gengið eftir og telur LS að hlutdeildarhafi eigi að vera ábyrgur fyrir greiðslu veiðigjalds.

Við greiningu á afkomutölum útgerðarflokka með hliðsjón af tekjum til ríkissjóðs, sveitarfélaga og til hafna kom fram afar misjafn hlutur einstaka útgerðarflokka til greiðslu. Borin voru saman krókaafلامarksbátar og ísfisktogarar. Skiptaverð á þorski árið 2016 hjá ísfisktogurum var 182 kr/kg, en í krókaflamarki 243 kr/kg. Heildarafli krókaafلامarksbáta var 44,6 þúsund tonn sem skilaði 10,8 milljörðum. Sami afli veiddur af ísfisktogurum hefði skilað 8,1 milljarði. Mismunurinn er 2,7 milljarðar.

Niðurstaðan er að þorskafli krókaafلامarksbáta skilar samanlagt 252 milljónum meira í tekjuskatt, útsvar, tryggingagjald og aflagjald heldur en hjá ísfisktogurum, jafngildir 5,60 krónum á hvert kíló.

Taflan sýnir samanburð.

Þorskur	Krókaafلامark >10 brúttótonn	Ísfisktogarar	Mismunur
Magn	45.000 tonn	45.000 tonn	
Aflaverðmæti	10.950 m kr	8.190 m kr	2.760 m kr
Laun	3.000 m kr	2.500 m kr	497 m kr
Tekjuskattur	826 m kr	691 m kr	135 m kr
Útsvar	440 m kr	368 m kr	72 m kr
Tryggingagjald	228 m kr	191 m kr	37 m kr
Aflagjald	49 m kr	41 m kr	8 m kr
		<b>Samtals</b>	<b>252 m kr</b>

Virðingarfyllt

  
Axel Helgason formaður

  
Örn Pálsson framkvæmdastjóri

**\*Viðauki:**

„Þar til veiðigjald verður reiknað út frá afkomu hvers útgerðarflokks og hver flokkur greiði samkvæmt því er nauðsynlegt að gera breytingar á frumvarpinu í þá veru að beita persónuafslætti til jöfnunar í meira mæli. Að afsláttarprósenta hækki eftir því sem lægra veiðigjald var greitt þar sem viðmiðunin væri reiknað veiðigjald á næstliðnu fiskveiðiári. Það var LS fagnaðarefni að slík nálgun boðuð í frumvarpi atvinnuveganefndar í júní sl. 20 og 30% afsláttur náði til útgerða sem greiddu minna en 30 milljónir á síðasta fiskveiðiári, en afsláttur lækkaður í 15 til 20% hjá aðilum þar fyrir ofan upp að ákveðinni fjárhæð. Aðferðin er í raun nálgun að þrepaskiptu gjaldi eins og LS hefur sett fram og hlotið góðan hljómgrunn fyrir.

Á grundvelli þessa leggur LS til að í stað þess að ný gjaldskrá sem kveðið er á um í 1. gr. frumvarpsins gildi afturvirkta frá 1. janúar komi viðbótarafsláttur sem taki mið af reiknuðu veiðigjaldi á sl. fiskveiðiári. Gildissvið hans væru útgerðir þar sem gjaldið var lægra en 11.400.000. Reiknuð veiðigjöld þessara aðila eru rúm 13% af veiðigjöldunum. Prósenta viðbótarafsláttar skiptist þannig:

- |  |                |
|--|----------------|
| A. 39 aðilar greiddu veiðigjald á bilinu 5,5 milljónir að 11 milljónum:  | Afsláttur 30%  |
| B. 180 aðilar greiddu veiðigjald á bilinu frá 500 þús. að 5,5 milljónum: | Afsláttur 40%  |
| C. 336 aðilar greiddu veiðigjald á bilinu frá 200 þús. að 500 þús.:      | Afsláttur 50%  |
| D. 224 aðilar greiddu veiðigjald á bilinu frá 100 þús. að 200 þús.:      | Afsláttur 60%  |
| E. 145 aðilar greiddu minna en 100 þús.:                                 | Afsláttur 70%. |

Á fiskveiðiárinu 2016/2017 greiddu alls 992 aðilar veiðigjald. Reiknað gjald hjá 68 þeirra var hærra en 11 milljónir. Með breytingunni er gert ráð fyrir að fastur afsláttur falli niður þegar ný gjaldskrá tekur gildi og í hans stað komi prósentu viðbótarafsláttur hjá 915 greiðendum. Markmið LS með framsetningu þessara tillagna er að leiðrétta það ranglæti sem fellst í núverandi fyrirkomulagi á álagningu veiðigjalda, það er að segja að afkoma stærri útgerðaraðila þar sem afkoma ræðst að stóru leyti af ólíkum þáttum en afkoma smábáta, sé lögð jafnt á alla.

Í þeirri vinnu sem framundan er hjá atvinnuveganefnd við skoðun frumvarpsins leggur LS áherslu á að nefndin hafi til hliðsjónar eftirfarandi atriði sem er það sameiginlegt að þau styðja við tillögur LS til breytinga:

1. 12% af veiðigjaldinu í ár er tilkomið vegna hagnaðar af vinnslu afla á vinnsluskipum (10%) og landvinnslu (2%). Útgerðir sem ekki njóta þessa hagnaðar ber því að veita 12% afslátt af veiðigjaldi umfram útgerða með vinnslu.

2. Afsláttur af veiðigjaldi upp á 895 milljónir vegna vaxtagreiðslna af lánum fór til 100 stærstu gjaldenda veiðigjalds. Upphæðin var einn þáttur í góðri afkomu þeirra sem hækkaði veiðigjald hjá þeim sem engan afslátt fengu.
3. Hluti hagnaðar í sjávarútvegi er kominn til vegna þátta sem eiga ekki við um hefðbundna útgerð smábáta.
  - Bakfærð virðisryrmun aflheimilda
  - Gengishagnaður
  - Söluhagnaður eigna
  - Vaxtakjör í evrum upp á 0 - 0,5%
  - Þátttaka sjómanna í nýsmíði
  - Kjarasamningar þar sem sjómenn borga olíuna sem lækkar fiskverð þeirra um 20 – 25% miðað við það sem fæst á fiskmörkuðum.
4. Samkvæmt tölum Hagstofunnar sem upphæð veiðigjalds tekur mið af var hreinn hagnaður báta minni en 10 brl. sem hlutfall af tekjum 0,9% á árinu 2015 og ættu þeir því einvörðungu að greiða lágmarksgjald. Veiðigjald hjá þeim hækkaði hins vegar jafnmikið og hjá útgerðum þar sem hagnaðartölur eru allt að 26,3%.
5. 89% af krókaafلامarki er þorskur og ýsa. Hækkun veiðigjalds í þeim tegundum var rúmlega eitt hundrað prósent, 107% í þorski og 127% í ýsu.
6. Samþjöppun  
Hlutdeild úthlutaðs krókaafلامarks í þorski til einstakra útgerða og fyrirtækja  
Aflamark fiskveiðarárið 2015/2016 voru 50 stærstu með 80,9% hlutdeildarinnar  
fiskveiðarárið 2017/2018 voru 50 stærstu með 83,9% hlutdeildarinnar  
  
Krókaafلامark fiskveiðarárið 2015/2016 voru 50 stærstu með 77,7% hlutdeildarinnar  
fiskveiðarárið 2017/2018 voru 50 stærstu með 84,8% hlutdeildarinnar
7. Lækka verður veiðigjald á litlar og meðalstórar útgerðir á yfirstandandi fiskveiðarári um 600 – 800 milljónir.“